

Tillaga

Aðalfundur Skátasambands Reykjavíkur (hér eftir SSR) 22. mars 2018 veitir stjórn SSR heimild til að senda sölutilboð á Bandalag Íslenskra Skáta (hér eftir BÍS) sem er það sama og barst þann 17. október 2017 með það að markmiði að SSR selji hlut sinn í Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni (hér á eftir ÚSÚ). Markmið hennar er að ljúka söluviðræðum við BÍS sem hófust fyrir ári síðan og að BÍS verði eini eigandi ÚSÚ. Þannig losnar um fjármuni sem SSR getur nýtt til að styrkja stöðu skátafélaganna í Reykjavík. Komi BÍS með gagntilboð sem breytir forsendum tilboðsins þarf aðalfundur SSR að samþykkja nýjan aftur breyttan samning. Komi BÍS með gagntilboð sem breytir ekki upphæðum né tilgangi tilboðsins er nóg að stjórn SSR samþykki þær. Ef þessi tillaga er samþykkt sendir stjórn SSR neðangreint tilboð á stjórn BÍS 23. mars 2018.

Sölutilboð

Reykjavík, 23.03.2018

- BÍS kaupi hlut SSR í Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni
- BÍS greiði fyrir 50% hlut í félaginu upphæð sem samsvari 50% af bókfærði eiginfé félagsins þann 31.12.2017 (Samkvæmt uppgjöri er það 60.471.016)
- BÍS yfirtekur skuldir við þriðja aðila frá afhendingartíma
- Kaupin á Útilífsmiðstöðinni hafa ekki áhrif á eign SSR í landi Úlfljótsvatns
- Stefnt að viðmiðunardegi 21.apríl 2018

Tilboð þetta gildir til og með 9. apríl 2018

Greinargerð

Þann 17. Október 2017 barst SSR kautilboð frá BÍS sem hljómaði eftirfarandi:

- BÍS kaupi hlut SSR í Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni
- BÍS greiði fyrir 50% hlut í félaginu upphæð sem samsvari 50% af bókfærði eiginfé félagsins þann 31.12.2017 (bókfært eigið fé í lok árs 2016 var 47.774.772)
- BÍS yfirtekur skuldir við þriðja aðila frá afhendingartíma
- Kaupin á Útilífsmiðstöðinni hafa ekki áhrif á eign SSR í landi Úlfljótsvatns
- Stefnt að viðmiðunardegi 31.des 2017

Tilboð þetta gildir til og með 15. nóvember 2017

Miðað við bráðabirgða uppgjör þá hljómar þetta tilboð upp yfirtöku á skuld upp á 26.416.228 krónur og greiðsla upp á 30.235.508 krónur og heildartilboð upp á 56.651.736 krónur. Ásamt því skuldar ÚSÚ SSR rúmar 4 milljónir.

Skátasamband Reykjavíkur hefur það markmið að styrkja starf skátafélaganna, stuðla að stofnun nýrra skátafélaga og efla almennt skátastarf í Reykjavík. Það er því augljóst að SSR á að einbeita sínum tíma, vinnu og pening í að efla starfið í Reykjavík en ekki á Úlfljótsvatni.

Starfsemin á Úlfljótsvatni væri betur sett ef aðeins væri einn eigandi með skýr markmið og ábyrgð á uppbyggingu á staðnum. Eins og staðan er í dag fara markmið eigandanna ekki fullkomlega saman.

Núna gefst okkur tækifæri til að losna undan 26 milljóna króna skuld og ásamt því fá rúmlega 30 milljónir í peningum sem getur nýst skátastarfi í Reykjavík. Þetta er tækifæri sem SSR munum eflaust ekki fá aftur en þökk sé sterkri lausafjárstöðu hjá BÍS er þetta möguleiki. Og þó svo að SSR selji sinn hlut eru Reykjavíkur félagin ennþá stór hluti af BÍS og munu því ennþá eiga þann möguleika að hafa áhrif á uppbygginguna á Úlfljótsvatni í gegnum það.

Tillagan veitir stjórn SSR heimild til að senda sama tilboð og barst þann 17. Október til BÍS.

Flutningsmenn.

Benedikt Þorgilsson - Garðbúi.

Egill Erlingsson - Ægisbúi.

Hulda María Valgerisdóttir - Landnemi.

Rafnar Friðriksson - Skjöldungur.

Sif Pétursdóttir - Skjöldungur.

Sigurgeir B. Þórisson - Landnemi.

Tryggvi Bragason - Landnemi.